

um frá lögbirtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði skal greiða kr. 12.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 83/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Erlingi Hjálmarssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Þar sem alkóhól í blóði ákærða mældist 0.76‰, hefur hann með akstri sínum brotið gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem hann hafði verið sviptur ökuleyfi, hefur hann einnig brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald 25 daga.

Staðfesta ber sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma

ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Hjálmarsson, sæti varðhaldi 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 18. nóvember 1983.

Mál þetta, sem þingfest var þann 1. mars 1983 og dómtekið er í dag, er með ákæruskjali rikissaksóknara, dags. 10. janúar 1983, höfðað á hendur Erlingi Hjálmarssyni kennara, Engjavegi 15, Ísafirði, fæddum 4. ágúst 1953 á Akranesi, „fyrir að aka, mánudaginn 1. ágúst 1982, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni A-1926 frá Akureyri áleiðis til Bárðardals uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á þjóðveginum í Ljósavatnsskarði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 1. ágúst 1982, er lögreglan á Húsavík var á eftirlitsferð við Vaglaskóg, veitti hún athygli bifeiðinni A-1926, þar sem henni var ekið á undan lögreglubifreiðinni leiðina frá Vaglaskógi að þjóvegi nr. 1, þar sem henni var beygt, án þess að stefnuljós væri gefið. Lögreglan veitti bifreiðinni eftirför og stöðvaði akstur hennar. Virtist henni okumaður bifreiðarinnar, ákærði Erlingur Hjálmarsson, vera undir áhrifum áfengis og var hann látinn blása í öndunarsýnisblöðru, sem sýndi 3ja stig. Ákærði var þá fluttur á lögreglustöðina á Húsavík, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til ákvörðunar á magni alkólhóls í blóði hans. Var blóðsýnið merkt Hú-23/82.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni á Ísafirði (sic) þann 3. desember 1982. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hafi sunnudagskvöldið 31. júlí farið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri, þar sem

hann hafi verið að drekka áfengi, þar til dansleiknum lauk. Eftir dansleikinn kvaðst hann hafa farið til kunningja síns að Eikarlundi 1, Akureyri, þar sem hann hafi sofíð það, sem eftir var nætur. Um kl. 16:00-17:00 næsta dag kvaðst hann hafa fengið bifreiðina A-1926 lánaða hjá kunningja sínum, þar sem hann hafði í hyggju að aka til Bárðardals. Hann hafi síðan farið af stað og ekið sem leið liggur áleiðis þangað, þar til hann var stöðvaður af lögreglu á Fnjóskarárleggjaranum inn á Þjóðveg nr. 1. Ákærði kvaðst ekkert áfengi hafa drukkið frá því á dansleiknum nóttina áður og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði staðfesti þessa frásögn sína fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 1. mars sl. er honum var birt ákæran í máli þessu.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 10. ágúst 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni, merktu Hú-23/82, vera 0.76‰.

Niðurstaða.

Sannað þykir með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum þessa máls, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 13. október 1982, staðfestu í nóvember 1983, hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

- 1979 6/2 í Reykjavík. Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 15/12 1979.
- 1981 8/10 í Reykjavík. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirt. 12/5 1982.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Þykir refsing með hliðsjón af dómssáttinni frá 6. febrúar 1979 og dóminum frá 8. október 1981 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Rétt þykir að láta ákærða njóta ákvæðis 57. gr. a, alm. hgl. nr. 19/1940 og skilorðsbinda refsingu ákærða, þannig að frestað skuli fullnustu varðhaldsrefsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá 18. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. l. nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Hjálmarsson, sæti 30 daga varðhaldi, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal frestað og hún niður falla að 3 árum liðnum frá 18. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 84/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gunnsteini Jónssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst 45 daga varðhald óskilorðsbundið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnsteinn Jónsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað skulu vera öröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun